

Sp.

74. Fyrirspurn

[73. mál]

til iðnaðarráðherra um álver við Eyjafjörð.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

1. Hver er staða umhverfisrannsókna vegna hugsanlegrar byggingar álvers við Eyjafjörð?
2. Hvenær verður þessum rannsóknum lokið, hve mikið hafa þær kostað til þessa, hve mikið er áætlað að þær kosti í heild og hver borgar þær?
3. Hvaða veðurfræðileg og haffræðileg gögn verða notuð við mat á mengunarhættu frá álveri við Eyjafjörð og yfir hvaða tímabil munu þær rannsóknir ná sem gögnin yrðu byggð á?
4. Á hvaða stigi eru viðræður við erlenda aðila um rekstur álvers við Eyjafjörð og um hversu stórt álver er rætt?
5. Ef álver verður ekki reist við Eyjafjörð er þá í athugun uppbygging annars konar iðnaðar þar og þá hvers konar?